

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Árnes.

Í breytingunni felst lagfæring skipulagsgrunns til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun og þjónustu og stofnanir.

Helstu breytingar:

- a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðastærðir.
- b) Lega gatnanna Hamragerðis og Heiðargerðis breytist lítillega í samræmi við hönnun.
- c) Byggingarreitir á lóðum við Hamragerði og Heiðargerði breytast.
- d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið milli Heiðargerðis og Hamragerðis.
- e) Gönguleiðir breytast lítillega, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.
- f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsaloð.
- g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsaloð.
- h) Settar eru kvaðir um lagnir á lóðum.
- h) Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla.
- i) Uppsetning skilmála breytist.

Skilmálar á upphaflegu deiliskipulagi voru gefnir upp með bókstöfum og númerum sem var nánar útlistað í skýringum. Í nýlegum breytingum hafa verið settir skilmálar fyrir einstakar lóðir. Ásamt því að skilgreina skilmála með bókstöfum eru nú einnig birtir skilmálar fyrir lóðir og kvaðir. Samþykkt í sveitarstjórn 20. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. ágúst 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.